

Alþingi,
nefndasvið,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 10. febrúar 2014
2014010029

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017, 256. mál á 143. löggjafarþingi

Þingsályktunartillagan var send Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 3. janúar 2014.

Byggðaáætlanir hafa komið til afgreiðslu Alþingis frá 1994, en ákvæði um þær voru lögleidd 1991. Þær hafa verið til þriggja ára í senn og þeirri sem nú er til umfjöllunar er ætlað að verða sú sjötta í röðinni. Saga opinberra aðgerða í byggðamálum nær hins vegar miklu lengra aftur í tímann.

Bændasamtök Íslands telja markmið fyrirliggjandi tillögu að stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017 jákvæð og taka undir þau. Fyrri tillögur að byggðaáætlunum hafa verið með svipuðum hætti, þó þessi sé heldur umfangsminni. Galli þeirra allra hefur verið að árangursmælikvarðar eru sjaldnast settir fram til að meta hvernig til hafi tekist og svo er að mestu leiti einnig nú. Markmiðin eru gjarnan svipuð á milli áætlana. Margt hefur verið reynt til að vinna að þeim, en í ljósi óljósra mælikvarða er erfitt að meta hvað raunverulega hefur áunnist.

Með sóknaráætlun 2020 og sóknaráætlunum landshluta í framhaldi af því var þó gerð tilraun til að leggja fram áætlanir með afmörkuðum og mælanlegum markmiðum. Þær áætlanir komu þó ekki til umfjöllunar á Alþingi, heldur aðeins framkvæmdavaldsins. Fjármögnun verkefna sóknaráætlunar var auk þess ekki tryggð. Ekki liggur fyrir hver staða sóknaráætlunar 2020 er nú í samhengi við þá tillögu sem hér er til umfjöllunar, en samþykkt var að veita rúmlega 100 milljónum króna í fjárlögum 2014, til verkefna samkvæmt sóknaráætlunum landshluta. Án þess að tekin sé efnisleg afstaða til þeirra verkefna sem sett voru fram í sóknaráætlunum þá telja Bændasamtökin það eftirsóknarverð vinnubrögð að setja fram skýrt afmörkuð, mælanleg og tímasett eins og þar var og er gert. Hinsvegar verður þá líka að fylgja kostnaðarmat og tillaga um fjármögnun.

Fyrirliggjandi tillaga að stefnumótandi byggðaáætlun skiptist í þrettán tillögur í fjórum málaflokkum. Í mörgum þeirra er vísað til annarra opinberra áætlana sem í gildi eru s.s. samgönguáætlunar, fjarskiptaáætlunar, núverandi fyrirkomulags stoðkerfis atvinnulífsins, sérlaga um uppbyggingu innviða á Bakka við Húsavík, fyrirætlana stjórnvalda um jöfnun á flutningskostnaði raforku og fleiri atriða. Það er vissulega eðlilegt enda hafa öll framangreind verkefni áhrif á efni tillögunnar. Mörg fleiri atriði hafa einnig áhrif eins og rammáætlun um nýtingu orkuauðlinda, landbúnaðarstefnan, fiskveiðistjórnun, skipulag, landnýting og fleira. Með sama hætti snerta verkefni sveitarfélaga málaflokkinn verulega. Það gæti verið athugunarefni að snúa þessu verklagi við þ.e. að stjórnvöld settu sér ákveðin markmið í byggðamálum, jafnvel til lengri tíma en nú tíðkast, sem síðan þyrfti að fella inn í aðrar áætlanir m.a. þær sem vísað er í hér að framan, þegar þær koma til umfjöllunar á Alþingi. Þá mætti ræða fjármögnun byggðatengdra verkefna í samhengi við áætlanirnar í heild. Það gæti

skipt verulegu máli því í fyrirliggjandi tillögu er ekki mikil sjálfstæð fjármögnun, eða innan við 100 m. kr. á ári. Í sex tillögum af 13 er ekki gert ráð fyrir neinum beinum kostnaði.

En til þess að hægt sé að setja skýr markmið þurfa að liggja fyrir traust gögn. Í samhengi við það má með nokkrum rétti segja að tillaga 4.2 um opinberar upplýsingar á sviði byggða mála sé sérstaklega mikilvæg. Takist þar vel til verða til verkfæri sem geta skipt miklu máli upp á framtíðarstefnu í málaflokknum.

Mikið af upplýsingum kemur að vísu fram í fylgiriti tillögunnar „Stöðugreining 2013“, en miklu máli skiptir að til verði samræmd gögn um þróun yfir lengri tíma.

Eins og áður sagði þá styðja Bændasamtökin öll þau markmið sem fram koma í tillögunni en setja fram framangreindar vangaveltur í því skyni að styrkja stefnumótun og verkefni stjórnvalda í byggðamálum í sessi til framtíðar litið.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson lögfr. (sign.)